

Lyfjanefnd ÞÍH 8. Mars 2023.

Mættir: Hannes Hrafnkelsson, Jón Steinar Jónsson, Anna Bryndís Blöndal, Gunnlaugur Sigurjónsson, Gyðný Friðriksdóttir

Gestir: Elín I. Jacobsen, Margrét Ólafía Tómasdóttir og Anna Birna Almarsdóttir

Arna ritar fundinn

1. mál sem snertir hjúkrunarheimilin. Lyfjanefnd ÞÍH á að fjalla um lyfjamál á hjúkrunarheimilum. Rafgreint ávísunarkerfi s.k. E-med, komið í notkun á allmörgum hjúkrunarheimilum og innleiðing í gangi víða. Slíkt rafrænt ávísanakerfi er grunnur að frekari gæðapróun í lyfjameðferð á hjúkrunarheimilum og gefur tækifæri til að byrja markvissa vinnu á því sviði. Lyfjaflokkar eins og geðrofslyf og sýklalyf hafa verið í umræðu.

Gunnlaugur: Þægilegt að mörgu leiti að hafa þetta kerfi, það er yfirsýn og væntanlega hægt að taka töluleg gögn úr þessu. Þægilegt að það koma tilkynningar um milliverkanir. Flestir koma inn af LSH inn á hjúkrunarheimilin og margir á fjölyfjameðferð. Sjaldgæft að fólk hafi minna en 8-10 lyf. Erfitt að reyna að taka til í því, bæði skjólstæðingar og aðstandendur hafa skoðun á meðferð og gera kröfur.

Guðný: Heilbrigðisstofnanir á landsbyggð nema HVEST hafa tekið upp Emed kerfið. HSN er líka með ALFA birgðastýringarkerfi, sem margar aðrar stofnanir eru með líka. Virkar þannig að ef það fer út af birgðunum ákveðið magn þá fer pöntun af stað. RAI hjúkrunarmat safnar einnig ákveðnum upplýsingum um lyfjanotkun.

Er verið að vinna gæðahandbækur og verklagsreglur hjá HSN. Guðný ætlar að senda efni tengt því á nefndina.

Jón Steinar talar um möguleika á gæðapróun og stýringu t.d. á notkun sýklalyfja. Anna Bryndís segir að RAI mat gefi ákveðna vísbendingu, en er samt yfirborðskennt og ekki farið út í nákvæma hluti eins og frábendingu og ástæður fyrir lyfjanotkun.

Jón Steinar leggur til að þetta sé upphafið af samtali varðandi úttekt og gæðapróun á hjúkrunarheimilum og hvetur til þess að ef fólk hefur hugmyndir og ábendingar að senda á hann línu.

2. Leiðbeiningar um lyfjaval á heimasíðu ÞÍH skoðað. Óskað eftir að því að lyfjanefnd skoði það efni sem er til og komi með á athugasemdir, sérstaklega um hvort framsetningu og um hvort efnið sé praktískt. Einnig hvaða efni eða lyfjaflokka er brýnast að vinna með á næstunni. Áður en leiðbeiningar um lyfjaval eru birtar á heimasíðu ÞÍH hefur efnið verið yfirfarið af sérgreinalækni, oftast af LSH.

3. Anna Birna Almarsdóttir lyfjafræðingur, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla er í rannsóknarleyfi á Íslandi. Hún tekur þátt í verkefni varðandi geðrofslyf á hjúkrunarheimilum í Danmörku. Verkefnið byggir á m.a. á fræðslu til starfsfólks og þróun á öðrum úrræðum en lyfjum. Rannsóknin sem er í gangi og ekki komnar niðurstöður. Unnið er markvisst að því að stuðla að skynsamlegri yfirferð lyfja og niðurtröppun þegar það á við í Danmörku. Verður haldinn fundur á ÞÍH þar sem þetta verkefni verður kynnt nánar þann 22.mars n.k. .

Fram kom að mönnun og mikil starfsmannavelta á hjúkrunarheimilum er takmarkandi þáttur þegar kemur að því að hjúkra einstaklingum sem eru órólegir og hugsanlega fá því fleiri geðrofslyf en ella.

Hugsanlega gæti ÞÍH komið að þessu viðfangsefni á hjúkrunarheimilum með gerð fræðsluefnis.

4. Önnur mál:

Lyfjafræðingur á HSN er að vinna í gæðamálum tengd lyfjanotkun en ekki í lyfjarýni einstaklinga og því áhugavert að heyra meira af því starfi. Munum koma á samtali hennar við lyfjafræðinga ÞÍH.

Kynnt stuttlega verkefni tengt lyfjarýni í heimahjúkrun á Akranesi. Verkefni sérnámslæknis þar í samvinnu við lyfjafræðinga ÞÍH.

Miðlæg lyfjaráðgjöf á LSH. Er í boði fyrir heimilislækna um land allt og þar með lækna hjúkrunarheimila. Þessi þjónusta fyrir utanspítalaerindi er þó enn á tilraunastigi og í þróun. Er þó dæmi um fjarheilbrigðisþjónustu á þessu sviði sem ætti að styrkja frekar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 15.56